



Landbúnaðarnefnd Blönduóssbæjar FUNDUR – 24. ágúst 2009

Fundur haldinn í landbúnaðarnefnd Blönduóssbæjar að Húnabraut 13, mánuudaginn 24. ágúst 2009. Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Fjallskilastjóri lagði fram fjárhagsáætlun fyrir fjallskilasjóð fyrir 2009 ásamt drögum að gangnaseðli fyrir haustið. Ákveðið var að hækka gangnakaup upp í 8.000 krónur fyrir heimalönd og 9.000 krónur fyrir afréttargöngur. Einingin verður óbreytt, krónur 1.185 og sömuleiðis landgjaldið, 36 krónur á einingu. Fyrri göngur verða 11. og 12. september og fyrri rétt 13. september. Seinni göngur verða 18. og 19. september og seinni rétt 20. september. Skarðsskarð og Fram-Langadalsfjall verða smöluð 5. september.
2. Skrapatungurétt.
Rætt var um löngu þarft viðhald á Skrapatungurétt. Landbúnaðarnefnd leggur til að kostnaði verði skipt á milli Blönduóssbæjar og Skagabyggðar þannig að Blönduósbær greiði 56% kostnaðar og Skagabyggð 44%. Er þetta hlutfall fengið út frá fjölda dilka sem tilheyra hvoru sveitarfélagi en auk þess eru 4 dilktar sameiginlegir. (Skagfirðingar og ómerkingadilkur)

Fleira ekki gert og fundi slitið

*Gauti Jónsson (sign.)
Þórður Pálsson (sign.)*

Anna Margrét Jónsdóttir (sign.)